

Álagning fasteignagjalda Fljótshéraðs 2020

Álagning fasteignagjalda byggir á fasteignamati samkvæmt Landsskrá fasteigna frá 31. des. Álagning, leiðréttingar, reikningagerð og innheimta fer fram hjá stjórnslu- og fjármáladeild. Álagningarseðlar eru aðgengilegir á island.is og í íbúagátt á heimasíðu Fljótshéraðs.

Bæjarstjórn Fljótshéraðs hefur ákveðið að álagning fasteignagjalda 2020 verð sem hér segir.

Fasteignagjöld íbúðarhúsnæðis: A – skattflokkur

Íbúðarhús og sumarbústaðir, ásamt lóðum, erfðafestulönd og jarðeignir sem eingöngu eru nýttar til landbúnaðar, mannvirki og útihús á bújörðum.

- Fasteignaskattur A 0,50% af fasteignamati húss og lóðar.
- Vatnsgjald pr. ferm. í húsnæði 255 kr. auk. 8.966 kr. fastagjalds.
- Holræsagjald 0,32% af fasteignamati húss og lóðar.
- Hreinsun rotþróa skv. [gjaldskrá HEF](#).
- Lóðarleiga A, af lóðum í eigu Fljótshéraðs, 0,75% af fasteignamati lóðar.
- Sorpgjald 30.608 kr. pr. íbúð fyrir 240 L tunnu. Sumarhús án þjónustu 30% þar af eða 9.182 kr. og sumarhús með fulla þjónustu frá 10. maí til 27. september 50% eða 15.304 kr. Árgjald fyrir hverja aukatunnu sorps er 10.900 fyrir gráa tunnu, fyrir græna tunnu kr. 1.950 og fyrir brúna tunnu 1.950 kr.

Fasteignagjöld stofnana: B – skattflokkur

Sjúkra- og heilbrigðisstofnanir, skólar, íþróttahús o.fl. sbr. reglugerð um fasteignaskatt nr. 1160/2005.

- Fasteignaskattur B 1,32% af fasteignamati húss og lóðar.
- Vatnsgjald pr. ferm. í húsnæði 255 kr. auk. 8.966 kr. fastagjalds.
- Holræsagjald 0,32% af fasteignamati húss og lóðar.
- Lóðarleiga B, af lóðum í eigu Fljótshéraðs, 0,75% af fasteignamati lóðar.

Fasteignagjöld atvinnuhúsnæðis: C – skattflokkur

Aðrar fasteignir en falla undir A og B flokk t.d. verslanir, iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði

- Fasteignaskattur C 1,65% af fasteignamati húss og lóðar.
- Vatnsgjald pr. ferm. í húsnæði 255 kr. auk. 8.966 kr. fastagjalds.
- Holræsagjald 0,32% af fasteignamati húss og lóðar.
- Lóðarleiga C, af lóðum í eigu Fljótshéraðs, 0,75% af fasteignamati lóðar.

Gjalddagar og greiðsla fasteignagjalda

Á forsíðu álagningarseðils eru tilgreindir gjalddagar fasteignagjalda. Eindagi fasteignagjalda er síðasti virki dagur greiðslumánaðar og fellur allur skattur ársins í gjalddaga ef vanskil verða.

Sé fjárhæð fasteignagjalda undir 30.000 kr. er gjalddagi þeirra 1. febrúar. Greiðslu má inna af hendi með útsendum greiðsluseðlum (í þeim tilfellum sem það á við), beingreiðslum og boðgreiðslum eða í heimabönkum. Nánari upplýsingar fást á bæjarskrifstofunum í síma 470-0700 eða á netfanginu egilsstadir@egilsstadir.is

Afsláttur til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti

Sækja þarf um afsláttinn á þar til gerðum eyðublöðum, sem m.a. er að finna á heimasíðu Fljótadalsþéaraðs. Umsókninni þarf að fylgja afrit af skattframtali viðkomandi vegna tekna síðasta árs. Sá afsláttur sem fólk á rétt á er síðan endurgreiddur og lagður inn á uppgefinn bankareikning. Hámarksafsláttur af fasteignaskatti árið 2020 er 91.000 kr., en fer eftir tekjum og lækkar línulega þangað til hámarstekjumarki er náð.

Sjá nánar [reglur um afslátt af fasteignaskatti](#) hjá Fljótadalsþéaraði sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins.

Tekjumörk elli- og örorkulífeyrisþega eru sem hér segir.

- **Tekjur einstaklinga 2019** - Fullur afsláttur skv. 4. gr. reglnanna með tekjur allt að 3.087.000 kr. Engan afslátt með tekjur yfir 4.051.000 kr.
- **Tekjur hjóna 2019** - Fullur afsláttur skv. 4. gr. reglnanna með tekjur allt að 4.341.000 kr. Engan afslátt með tekjur yfir 5.500.000 kr.